

Tálgaðar tennur

Lokaverkefni til stúdentspróf



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Verkefni	3
Framtönn, incisor, 21	3
Augntönn, canine, 23	4
Forjaxl, premolar, 24	5
Lokaorð	6
Heimildir	7

Inngangur

Áhugi minn fyrir tannlæknisfræði kviknaði þegar ég byrjaði að vinna á tannlæknastofu sumarið 2021. Ég hafði ótrúlega gaman að því að fylgjast með og hjálpa til svo dagarnir liður ótrúlega hratt. Haustið 2022 fór systir mín, Alexandra, í klásus til þess að komast inn í tannlæknisfræði. Eitt af verkefnum í klásus er að tálga 8 tennur úr vaxi og skila í lok annar. Alexandra leyfði mér að prófa að tálga, ég byrjaði á þessum kubbi í september 2022 en náði ekki að gera mikið af tönninni þar sem systir mín býr í Reykjavík og ég í Neskaupstað.

Í desember var ég strax byrjuð að hugsa hvað ég vildi gera fyrir lokaverkefnið mitt og hafði þá enga almennilega hugmynd en vissi að ég vildi hafa það eitthvað tengt tönnum þar sem ég stefni að því að verða tannlæknir í framtíðinni. Einn daginn datt mér í hug að ég gæti tálgað nokkrar tennur sem ákveðinn undirbúningur fyrir námið. Alexandra lánaði mér verkfærin sín, nokkra vaxkubba og námsbækur sem hún notaði í klásus. Það kom auðvitað enginn annar til greina en Víkingur Pálmason sem leiðbeinandi, en hann er tannlæknir á tannlæknastofunni sem ég hef unnið á seinustu sumur.

Verkefni

Ég tók þá ákvörðun í samræmi við Víking að tálga 3 tennur. Ég ákvað að tálga framtönn, augntönn og forjaxl, allar vinstra megin í efri góm. Ég byrjaði á því að koma kubbum niður í minni stærðir, 1-2 mm frá raunverulegri stærð og byrjaði síðan að gera formið og í lokin smáatriði fyrir hverja tönn. Á meðan ég tálgaði hverja tönn hafði ég þrívíddarprentaða tönn til viðlíkingar.

Hér eru nokkur fræðiheiti sem eru notaðar í gegnum verkefnið

Mesial flötur – *miðlægur flötur*

Distal flötur – *fjarlægur flötur*

Facial flötur – *flötur að framan*

Lingual flötur – *flötur að aftan*

Occlusal flötur – *bitflötur jaxla*

Incisal kantur – *bitkantur* (incisal er á framtönnum og hliðarframtönnum)

Framtönn, incisor, 21

Ég byrjað á því að koma kubbum í minni stærð ca. 1-2 mm frá raunverulegri stærð tannarinnar. Síðan byrjað ég á því að gera facial flötinn á krónuna eins og ég vildi hafa hann

og þurfti þá að passa að hafa krónuna kúpta nálægt glerungsmörkunum. Glerungsmörk er lína þar sem króna og rót mætast. Eftir það fór ég að gera rótina eins og ég vildi hafa hana. Þá passaði ég að horfa á viðlíkingartönnina og vera dugleg að mæla hana og bera tennurnar saman. Mesialt á rótinni er gróf sem nær alveg niður í krónuna aftarlega. Þegar ég var ánægð með rótina fór ég að gera mesial og distal flöt krónunnar. Mesialt á krónunni er bunga nálægt incisial kantinum og því þurfti ég að grafa inn nálægt glerungsmörkunum á krónunni til að mynda bunguna. Hliðin distal hallar inn nálægt glerungsmörkunum og myndar skálinu frá glerungsmörkunum og út að incisal kantinum. Þegar mesial og distal hliðarnar á krónunni voru tilbúnar byrjaði ég á lingual flötinn á krónunni. Á lingual fletinum á krónunni er hæsti punkturinn nálægt glerungsmörkunum og dæld inn á við eftir það, og því þurfti að grafa inn neðan við það. Eftir að ég var ánægð með formið lingualt á krónunni byrjaði ég að gera grófir á svæðið. Það má í raun líkja þessum grófum við W (Carlsen Ole, 2006).



Myndin sýnir augntönnina, fyrst facial flötinn, síðan mesialt hliðina og síðast lingual flötinn

Augntönn, canine, 23

Eins og með framtönnina byrjaði ég á að minnka kubbinn í minni stærð ca. 1-2 mm frá raunverulegri stærð tannarinnar. Ég byrjaði síðan að gera rótina eins og ég var ánægð með hana. Bæði mesialt og distalt á miðri rótinni er gróf en hún er þó meiri mesialt og nær þá aðeins inn á krónuna. Næst gerði ég lingualt flötinn á krónunni eins og ég vildi hafa hann. Þá passaði ég að hafa hæsta punktinn á krónunni nálægt glerungsmörkunum. Næst gerði ég hliðarnar á krónunni eins og ég vildi hafa þær. Þá passaði ég að hafa distal hliðina kúpta fyrir miðju og gróf mig því inn við glerungsmörkin á krónunni. Hliðin mesialt er einnig kúpt að miðju en sú hlið er ekki eins ýkt. Einnig tálgaði ég incisal kantinn á krónunni sem vísar inn í einhvers konar horn. Næst gerði ég lingual flötinn á krónuna. Þar er krónan kúpt nálægt glerungsmörkunum og hefur tvo hryggi á hvorri hlið og er kúpt í miðjunni. Síðan eru fleiri smáatriði sem ég gerði með því að bera tennurnar saman þangað til ég varð ánægð. Síðast mældi ég viðlíkingartönnina og tönnina mína og lagaði öll smáatriðin (Carlsen Ole, 2006).



Myndin sýnir augntönn, facial flötinn og hvernig hún verður að fullmótaðari tönn og síðust tvær sýna mesialt hliðina og lingual flötinn

Forjaxl, premolar, 24

Fyrsta skrefið eins og áður var að minnka kubbinn í ca. 1-2 mm frá raunverulegri stærð jaxlsins. Síðan byrjaði ég á því að gera krónuna að framan eins og ég vildi hafa hana. Á forjaxlinum er hæsti punkturinn nálægt glerungsmörkum. Einnig gerði ég mesial og distal flöt á krónunni. Distal hliðin hefur stóra bungu og hún er nálægt occlusal fletinum en mesialt hliðin hefur minni bungu á svipuðum stað. Lingual flöturinn er lík þeirri facial flötinum en minni og ekki eins ýktur. Næst gerði ég occlusal flötinn á krónuna, þá byrjaði ég að grafa mig niður í miðjuna í einhvers konar V sem myndast á milli lingual og facial hliðanna. Lingual flöturinn á krónunni er lægri en facial flöturinn þannig að ég lækkaði lingual flötinn. Síðan gerði ég smáatriði á occlusal flötinn á krónunni. Síðast gerði ég ræturnar og byrjaði á því að koma þeim í formið sem ég vildi og byrjaði þá að skipta þeim í tvennt. Facial rótin sveigist aftur og svo fram og aðeins til hægri. Lingual rótin sveigist einnig aftur og síðan fram en til vinstri. (Carlsen Ole, 2006).



Myndin sýnir forjaxl, fyrst facial flötinn, síðan mesialt hliðina og síðast lingual flötinn

Ég ákvað að taka tímann hversu lengi ég var með síðustu tönnina mína og það tók mig í heildina um það bil 14 klukkustundir.

Ég fór reglulega og hitti leiðbeinanda minn, Víking, en hann ráðlagði mér hvað ég ætti að gera næst og hverju ég ætti að passa mig á. Líkt og að taka of mikið efni af tönnini.

Lokaorð

Á heildina litið er ég ánægð með það hvernig verkefnið kom út. Ég var hins vegar ótrúlega hissa hversu erfitt það er að tálga tennur og þetta er eitthvað sem ég hefði aldrei náð að gera án hjálpar leiðbeinanda míns, Víkings Pálmasonar, tannlæknis. Ég lagði mikla vinnu í verkefnið og lærði ótrúlega mikið sem mun nýtast mér þegar ég fer í tannlæknisfræðina. Að tálga tennur er ótrúlega krefjandi af því ef þú tekur óvart of mikið af tönninni, þá þarf þú að byrja alveg upp á nýtt.

Heimildir

Carlsen Ole. (2006). *Dental Macromorphology*. Copenhagen: Eurographic Danmark A/S.